



**ICELANDIC A: LITERATURE – STANDARD LEVEL – PAPER 2**  
**ISLANDAIS A : LITTÉRATURE – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 2**  
**ISLANDÉS A: LITERATURA – NIVEL MEDIO – PRUEBA 2**

Monday 12 May 2014 (afternoon)

Lundi 12 mai 2014 (après-midi)

Lunes 12 de mayo de 2014 (tarde)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

**INSTRUCTIONS TO CANDIDATES**

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Answer one essay question only. You must base your answer on at least two of the Part 3 works you have studied and compare and contrast these works in response to the question. Answers which are not based on a discussion of at least two Part 3 works will not score high marks.
- You are not permitted to bring copies of the works you have studied into the examination room.
- The maximum mark for this examination paper is *[25 marks]*.

**INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS**

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Traitez un seul sujet de composition. En basant votre réponse sur au moins deux des œuvres de la troisième partie que vous avez étudiées, vous devez comparer et opposer ces œuvres dans le cadre du sujet. Les réponses qui ne sont pas basées sur au moins deux des œuvres de la troisième partie n'obtiendront pas une note élevée.
- Vous n'êtes pas autorisé(e) à apporter des exemplaires des œuvres que vous avez étudiées dans la salle d'examen.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[25 points]*.

**INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS**

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Conteste una sola pregunta de redacción. Base su respuesta en al menos dos de las obras estudiadas de la Parte 3, comparándolas y contrastándolas en relación con la pregunta. Las respuestas que no se basen en al menos dos obras de la Parte 3 no recibirán una puntuación alta.
- No está permitido traer copias de las obras estudiadas a la sala de examen.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[25 puntos]*.

Svaraðu aðeins **einni** spurningu. Svar þitt verður að byggja á að minnsta kosti tveimur verkum sem þú hefur unnið með úr hluta 3 og **bera** þau verk **saman** með vísan til spurningarinnar. Svör sem eru **ekki** byggð á umfjöllun um **a.m.k. tvö** verk úr hluta 3 munu **ekki** hljóta háa einkunn.

### Skáldsögur

1. Lýsingar höfunda á ytri einkennum persóna, útliti, raddblæ, klæðnaði, framkomu o.s.frv. eru gjarnan mikilvægur þáttur í persónusköpun. Sýndu hvernig a.m.k. tveir af þeim höfundum sem þú hefur unnið með nota ytri einkenni persóna til að gefa til kynna innri eiginleika eða virkni persónu innan verka sinna.
2. Áreiðanleiki sögumanns hefur áhrif á mat lesenda á atburðum og persónum. Ræddu hvernig a.m.k. tveir þeirra höfunda sem þú hefur unnið með nota áreiðanleika eða óáreiðanleika sögumanns til að hafa áhrif á upplifun lesenda af verkum sínum.
3. Ræddu hvernig a.m.k. tveir þeirra höfunda sem þú hefur unnið með nota tungumálið til að skapa hinn skáldaða heim verka sinna.

### Ljóð

4. Ræddu hvernig a.m.k. tvö af þeim ljóðskáldum sem þú hefur unnið með nota margræðni orða til að koma boðskap sínum á framfæri.
5. Persónugervingar eru algengar í myndmáli ljóða. Fjallaðu um það hvaða áhrif þessi stílbrögð hafa í verkum a.m.k. tveggja ljóðskálda sem þú hefur unnið með.
6. Sjónræn uppsetning ljóða s.s. erindaskipting, línulengd og greinarmerki eru hluti af þeim aðferðum sem ljóðskáld nota til að skapa merkingu í ljóðum sínum. Ræddu hvernig a.m.k. tvö þeirra ljóðskálda sem þú hefur unnið með hafa beitt uppsetningu í merkingasköpun í ljóðum sínum.

## Smásögur

7. Myndmál smásögu snýst gjarnan um að lýsa hugarástandi aðalsögupersónunnar. Sýndu að hvaða leyti þetta á við a.m.k. tvö þeirra verka sem þú hefur unnið með.
8. „Vegna þess hve knappt form smásagan er þurfa höfundar þeirra að meitla stíl sinn sérstaklega.“ Taktu afstöðu til þessarar fullyrðingar og ræddu að hvaða marki þetta á við a.m.k. tvo þeirra smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með.
9. Fjallaðu um hvernig a.m.k. tveir þeirra smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með nota söguviðið til að skapa ákveðið andrúmsloft í verkum sínum.

## Leikrit

10. Leikskáld leggja mismikla áherslu á nákvæmar sviðslýsingar í leikritum sínum. Fjallaðu um að hvaða marki, hvernig og til hvers a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota sviðslýsingar í leikritum sínum.
11. Í leikritum eru ákveðnar persónur stundum málpípur ákveðinna skoðana eða viðhorfa í samfélaginu. Framsetning leikskáldsins á þessum persónum hefur áhrif á hvernig áhorfendur bregðast við þeim viðhorfum sem þær standa fyrir. Fjallaðu um hvernig a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota persónusköpun með þessum hætti.
12. Gerðu grein fyrir hvernig a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota samtöl til að vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá áhorfendum.

## Íslendingasögur

13. Draumar og fyrirboðar eru algengt stílbragð í Íslendingasögum. Fjallaðu um hvernig það er notað og hvaða áhrif það hefur á upplifun lesendans í a.m.k. tveimur þeirra Íslendingasagna sem þú hefur unnið með.
14. Íslendingasögur hefjast oftast á því að rekja fjölskyldutrú mikilvægra persóna í sögunni og segja forsögu fjölskyldna þeirra. Ræddu hvaða áhrif þetta hefur á upplifun og skilning lesenda á þeim atburðum sem á eftir koma í a.m.k. tveimur þeirra Íslendingasagna sem þú hefur unnið með.
15. Ræddu hvernig höfundar nota hið yfirnáttúrulega til að skapa ákveðin áhrif í söguheimi a.m.k. tveggja þeirra Íslendingasagna sem þú hefur unnið með.